

Umhverfis-og skipulagsráð

Vinnufundur vinnuhóps um umferðarmál

Fundur númer 5.

20200824

Kl. 13.00-14.00

Fundarmenn: Jónatan Guðni Jónsson us-ráð, Hjalti Enok Pálsson ökukennari, Jóhannes Ólafsson yfir lögregl.þjónn, Dagný Hauksdóttir skipulagsfulltrúi og Sigurður Smári Benónýsson byggingarfulltrúi sem ritaði minnispunktana.

1. Heimagata – ósk íbúa um einstefnu

Borist hefur erindi frá íbúum á Heimagötu þar sem óskað er eftir að gatan verði gerð að einstefnugötu.

Fyrir liggja hraðamælingar úr umferðargeini.

Bókun; vinnuhópur leggur til að hámarkshraði verði lækkaður úr 50 km/klst. í 30 km/klst. við eftirfarandi götur; Heimagötu, Sóhlíð, Austurveg, Fífilgötu og Vestmannabraut frá Heimagötu að Kirkjuvegi. Lagt er til að settar verði umferðarþrengingar á Heimagötu sem sýni hámarkshraða.

